



Aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar - viðbrögð vegna áhrifa COVID-19 - fyrstu aðgerðir

1. Velferð íbúa - órofin þjónusta

Lögð verður áhersla á velferð bæjarbúa, afkomu þeirra og að halda úti órofinni grunnþjónustu bæjarins. Með aðgerðum sveitarfélagsins hefur verið lögð áhersla á að fylgja tilmælum yfirvalda, Landlæknis og Almannavarna.

Fjölskyldu- og fræðsluviði verður falið að safna saman gögnum um þróun aðstæðna hjá einstaklingum og fjölskyldum á næstu mánuðum til að leggja grunn að frekari tillögugerð. Komið verður á samtali og samstarfi milli hagsmunaaðila með því að virkja Almannaheillanefnd þar sem sérstaklega verði hugað að börnum og ungmennum, barnafjölskyldum, fötluðu fólki, eldra fólki, atvinnulausum, fólki í viðkvæmri stöðu og fólki af erlendum uppruna.

2. Leiðrétting á þjónustugjöldum vegna skerðingar á þjónustu

Vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á þjónustu leik- og grunnskóla hefur þegar verið brugðist við með breytingu á gjaldtöku þannig að ekki er greitt fyrir þjónustu sem ekki er innt af hendi. Engir reikningar verða sendir út vegna skólavistunar og skólamáltíða í grunnskólum fyrir apríl og haldið verður utan um leiðréttingar vegna skertrar þjónustu frá 16.-31. mars 2020. Ekki verður endurgreitt vegna skertar þjónustu heldur horft til þess að inneign gangi upp í þjónustu síðar á skólaárinu.

Leikskólagjöld taka breytingum í samræmi við veitta þjónustu, þ.e. ef barn er annan hvern dag í leikskólanum er innheimt 50% gjald. Þurfi að loka leikskóla fyrir öllum öðrum en forgangshópi er ekki innheimt gjald fyrir þá sem verða fyrir lokun. Þá er ekki innheimt gjald fyrir börn sem foreldrar hafa heima á tímabilinu sem takmörkun á skólahaldi nær til. Niðurfellingin fæst aðeins ef fjarveran er samfelld og/eða reglubundin. Nauðsynlegt er að tilkynna fjarveruna til skólastjórnenda viðkomandi leikskóla. Leiðrétting á skertri þjónustu vegna marsmánaðar fer fram samhliða útgáfu á reikningi vegna aprílmánaðar.

Greiðsluseðlar vegna aprílmánaðar í Tónlistarskólanum verða ekki sendir út fyrr en ljóst er hvernig kennslu verður háttað þar næstu vikurnar.

Árskort, t.d. í sundlaugar og listasafn framlengjast sem nemur skerðingu á opnunartíma. Ákvarðanir sem snúa að árskortum í Hlíðarfjalli verða teknar síðar á árinu.

Við innheimtu gjalda verður markmiðið að veita sveigjanleika varðandi gjaldfrest í einstaka tilvikum með það að leiðarljósi við núverandi aðstæður að innheimtan sé sanngjörn.

3. Frestun á greiðslum fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði

Eigendur atvinnuhúsnæðis sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls geta sótt um frestun á allt að þremur greiðslum fasteignaskatts sem eru á gjalddaga 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020, með sömu skilyrðum og málsmeðferðarreglum og kveðið er á um í ákvæði til bráðabirgða VII í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

Gjalddagi og eindagi greiðslna sem frestun tekur réttilega til er 15. janúar 2021. Verði gjaldandi, sem frestað hefur greiðslum til 15. janúar 2021, fyrir miklu tekjufalli á rekstrarárinu 2020 samanborið við fyrri rekstrarár getur hann óskað eftir lengri fresti og dreifingu þessara greiðslna fram til 15. dags mánaðanna júní, júlí og ágúst 2021.

4. Greiðslur fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði

Einstaklingar sem orðið hafa fyrir verulegu tekjufalli munu geta sótt um fjölgun á gjalddögum eftirstöðva fasteignagjalda sem eru á gjalddaga í apríl til september í apríl til desember. Íbúar geta sótt um í gegnum þjónustugátt Akureyrarbæjar frá og með 8. apríl.

5. Framkvæmdir og viðhald

Lögð verður áhersla á að framkvæmdir ársins gangi eftir en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 4,4 milljörðum króna í fjárfestingar á árinu, sem skiptist þannig að framkvæmdir í A-hluta verði 2,1 milljarður króna og í B-hluta 2,3 milljarðar.

Viðhaldi verður flýtt og strax verður gert ráð fyrir 10% aukningu á almennu viðhaldi. Fylgst verður með þróun mála á komandi mánuðum og settir verða fjármunir til frekari framkvæmda eða viðhalds ef ástand á vinnumarkaði kallar á það.

Unnið er að nánari útlistun framkvæmda sem verður kynnt síðar.

6. Viðspyrna vegna atvinnuleysis

Gert er ráð fyrir fjölgun í sumarvinnu fyrir ungmenni á komandi sumri bæði í vinnuskóla og með sérstöku atvinnuátaki skólafólks. Stofnanir bæjarins taka saman tillögur að verkefnum sem nýst geta í þessu samhengi.

Rafrænni þróun verður flýtt og lögð áhersla á að bæta enn frekar rafræna þjónustu við bæjarbúa.

Lögð verður áhersla á samstarf Akureyrarstofu við Markaðsstofu Norðurlands og SSNE um markaðssetningu bæjarins og Norðurlands alls á ferðamarkaði og stuðlað þannig að öflugri endurreisn ferðaþjónustu.

Greina á áhrif faraldursins á menningar-, íþrótt- og tómstundastarf í bænum.

7. Greiðslur gatnagerðargjalda

Mótaðar verða reglur um gjaldfrest á gatnagerðargjöldum til allt að 12 mánaða vegna úthlutunar á lóðum.

8. Frestun leigu

Fjárslusviði er falið að móta reglur um frestun eða afslátt af leigu þriðja aðila í atvinnurekstri í húsnæði bæjarins á grundvelli umsókna, vegna tímabundins tekjufalls í ljósi sérstakra aðstæðna.

9. Undirbúningi fjárfestingaverkefna í samvinnu við ríki flýtt

Breytingum á deiliskipulagi verður flýtt og öðrum undirbúningi í samvinnu við ríkið vegna fjárfestingaverkefna sem vilji er til að flýta, s.s. uppbyggingu Akureyrarflugvallar, hjúkrunarheimilis, tveggja nýrra heilsugæslustöðva og legudeilda SAK.

10. Aukin áhersla á að hraða skipulagsvinnu á uppbyggingarsvæðum

Lögð verður áhersla á að hraða undirbúningsvinnu vegna uppbyggingar miðbæjarins og Oddeyrarinnar með það að markmiði að úthluta lóðum hið fyrsta.

11. Annað

Kannaðir verði möguleikar á skammtímalánnum og langtímafjármögnun hjá Lánasjóði sveitarfélaga og Íslandsbanka.

Bæjarráð felur bæjarstjóra og sviðsstjóra fjársýslusviðs að vinna að frekari úrvinnslu og framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.

Bæjarráð Akureyrarbæjar mun í framhaldinu skoða ýmsar frekari leiðir til þess að bregðast við ástandinu vegna COVID-19, fylgjast með þróun í samfélaginu, aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem og annarra sveitarfélaga. Áhersla er lögð á að fylgja leiðbeiningum frá Landlækni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Almannavörnum ríkisins.